

Ár 2016, fimmtudaginn 29. september 2016, er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands kærumál nr. 2/2016

**Handkn. deild Aftureldingar**

**gegn**

**Handknattleikssambandi Íslands (HSÍ)**

Málið dæmir Smári Hilmarsson.

Mál þetta er höfðað og þingfest með kæru dagsettri 20. september 2016 sem móttokin var á skrifstofu HSÍ þann sama dag ásamt fylgigönum. Fyrirsogn í bréfi kæranda ber yfirschriftina ákæra. Er litið fram hjá þessu atriði og bréfið skoðað sem kæra. Gögnin bárust formanni dómstólsins í tölvupósti samdægurs. Dómsformaður mat málið tækt til meðferðar og þingfesti málið. Smára Hilmarssyni var úthlutað málið til meðferðar.

Þann 20. september skorað dómarí á HSÍ að leggja fram greinargerð í málinu með vísan til 37. greinar laga um HSÍ.

Greinargerð HSÍ var lögð fram af HSÍ með tölvupósti dags. 22. sept. 2016 og var kæranda sent afrit í framhaldinu. HSÍ lagði einnig fram afrit af bréfaskiptum milli aðila sem þegar höfðu verið lögð fram af hálfu kæranda.

Þá óskaði dómarí eftir því að HSÍ svaraði ákveðnum spurningum sem dómarí lagði fram með tölvupóstum.

Dómarí málsins leitaði eftir afstöðu aðila hvort óskað væri eftir sérstöku þinghaldi í málinu svo ræða mætti framhald þess, eða hvort aðilir óskuðu eftir að málið yrði dæmt á grundvelli framlagðra gagna.

Lýstu báðir aðilar því yfir að þeir væru samþykkir því að málið yrði dæmt á grundvelli framlagðra gagna. Um er að ræða eftifarandi gögn sem lögð voru fram af hálfu kæranda:

1. Kæra Handkn.deildar Aftureldingar dags. 20.09.2016.
2. Tölvupóstur dags. 11.09.16 frá HSÍ.
3. Tölvupóstsamskipti kæranda og kærða dags. 11.09.16.
4. Tölvupóstur kærða dags. 14.09.16.
5. Afrit af bréfi kærða til kæranda dags. 14.09.16.
6. Afrit af bréfi kæranda til kærða dags. 15.09.16.
7. Afrit af bréfi kærða til kæranda dags. 19.09.16.
8. Samskipti milli leikmanns og forsvarsmanns kæranda á fésbókinni.

Þá lagði kærði fram skriflega greinargerð auk tölvusamskipta starfsmanns kærða við nefndarmenn mótanefndar HSÍ. Þá fékk dómari send svör í tölvupósti við ákveðnum spurningum sem dómari óskaði eftir svörum við af hálfu HSÍ.

### **Kröfur aðila.**

Kærandi krefst þess að úrskurði (mótanefndar) HSÍ þann 19.09.2016 að dæma leik Vals U – Aftureldingar í 1. deild kvenna tapaðan 10-0 verði hnekkt og rétt úrslit leiksins látin standa. Til vara eru gerðar þær kröfur að mótanefndin færi sönnur á að tilkynning hafi borist inn til þeirra með formlegum hætti innan 48 tíma frá lokum leiks eins og segir í kærunni. Dómari metur varakröfu kæranda þannig að um rökstuðning sé að ræða en ekki formlega kröfugerð.

Í greinargerð kærða HSÍ er bent á að tilgreining varnaraðila sé rangur í kæru sóknaraðila þar sem HSÍ geti ekki, eðli málsins samkvæmt dómafördænum dómstóla HSÍ, verið aðili að málum fyrir dómstólnum heldur aðeins félög og leikmenn sbr. 33. grein laga HSÍ. Telur varnaraðili að Valur sé réttur varnaraðili í málínu þótt kæran snúi að ákvörðun mótanefndar og því sé kæran ekki í samræmi við áskilnað HSÍ. Er það mat HSÍ að niðurstaða mótanefndar eigi að standa og sé í samræmi við lög og reglur HSÍ og að starfsmaður mótanefndar hafi uppgötvað ólöglega stöðu viðkomandi leikmanns innan 48 klst. frá því viðkomandi leik lauk og með því uppfyllt skilyrði 1. mgr. 33. gr. reglugerðar um handknattleiksmót um að mótanefnd sé tilkynnt um atvikið innan tilgreinds tíma, þótt féluginu (kæranda) hafi ekki verið tilkynnt um þetta fyrir en degi síðar eins og segir í greinargerð HSÍ. Þá telur HSÍ að samskipti HSÍ og félagsins um leikmannasamning viðkomandi aðila stuttu eftir leik breyti ekki þessari staðreynd.

Dómari málsins fór fram á svör við ákveðnum spurningum af hálfu kærða undir rekstri málsins. Var m.a. spurt hvenær starfsmaður HSÍ og mótanefndar tilkynnti mótanefndinni formlega um tilvikið.

Kom fram að það hafi verið gert eftir að 48 klst. tímafresturinn rann út.

Þá var einnig spurt með hvaða hætti ákvörðun mótanefndar HSÍ var tekin að dæma leikinn tapaðan 10-0 gagnvart sóknaraðila. Kom fram í svörum HSÍ að málið hefði hlutið meðferð með tölvupóstum milli starfsmanns HSÍ/mótanefndar og nefndarmanna. Er ekki séð að allir nefndarmenn hafi tekið þátt í umræðum um málið rafraent. Ljóst er því að málið var ekki tekið fyrir á formlegum fundi mótanefndar heldur afgreitt með óformlegum hætti í formi tölvusamskipta og í framhaldinu hafi

starfsmaður HSÍ/mótanefndar tilkynnt sóknaraðila um niðurstöðu mótanefndar. Gögn varðandi þessi rafrænu samskipti nefndarmanna vöru lögð fram af hálfu HSÍ.

### **Niðurstaða:**

Samkvæmt 33. grein laga HSÍ á hver einstaklingur og félag sem misgert er við og hagsmuni hefur af niðurstöðu máls rétt til kæru/málsskots. Ekki kemur fram nein formleg takmörkun varðandi aðild varnarmegin. Þarf að meta aðildina í hverju tilviki. Í því tilviki sem hér er til meðferðar er það mat dómsins að HSÍ sé réttur varnaraðili með vísan til þess að samskipti kæranda voru við HSÍ en ekki sérstaklega við mótanefnd HSÍ, sbr. skrifleg tilkynning HSÍ um niðurstöðu mótanefndar þess efnis að úrskurðað var að leikurinn hafi tapast 10-0. Undir þá tilkynningu, sem barst kæranda með bréfi dags. 19. sept. 2016, og liggur frammi sem gagn í málinu, er ritað f.h. HSÍ, en ekki f.h. mótanefndar HSÍ.

Að mati dómsins getur Valur aldrei verið aðili málsins enda kom félagið ekki að málinu með neinum beinum hætti.

Aðildarskortur varnarmegin kemur því ekki í veg fyrir að málið verði dæmt.

Í 33. grein reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót segir að félag sem notar ólöglegan leikmann og slíkt sé tilkynnt til mótanefndar HSÍ með formlegum hætti innna 48 tíma teljist hafa tapað leiknum. Í því tilviki sem hér um ræðir 10-0.

Í gögnum málsins kemur fram að við yfirferð á leikskýrslu að kvöldi leikdags hafi starfmaður HSÍ/mótanefndar uppgötvað að einn leikmaður kæranda hafði ekki leikheimild. Tilkynnti starfsmaður HSÍ/mótanefndar um tilvikin til mótanefndar formlega með tölvupósti eftir að 48 tíma frestuinn var liðinn.

Í greinargerð kærða er á því byggt að starfsmaður mótanefndar hafi uppgötvað ólöglega stöðu viðkomandi leikmanns innan 48 klst. frá því að leik lauk og að þannig hafi verið uppfyllt skilyrði 33. greinar reglugerðarinnar um formlega tilkynningu til mótanefndar.

Að mati dómsins er ekki fullnægt þeim skilyrðum 33. greinar reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót að tilkynning hafi borist mótanefnd HSÍ með formlegum hætti þó starfsmaður nefndarinnar hafi uppgötvað að leikmaður var ekki með leikheimild.

Ekki kemur fram í greininni hver geti staðið að tilkynningunni og verður því að túlka hana eftir orðanna hljóðan á þann hátt að aðrir en mótaðili í leik geti einn sent inn tilkynninguna og þar með kært tilvik af þessu tagi. Það er öðrum heimilt að gera.

En í ljósi orðalags greinarinnar og þess hve mál af þessu tagi geta haft vítæk áhrif og afleiðingar ber að túlka ákvæðið á þann hátt að formleg tilkynning þurfi að berast mótanefnd. Að mati dómsins er það ekki nægjanlegt að starfsmaður mótanefndar uppgötvi að leikmaður sé ólöglegur heldur verði að gera þá kröfu að mótanefndinni sé tilkynnt formlega um tilvikið innan 48 klst. eftir að leik lauk þannig að málið fái efnismeðferð hjá nefndinni í kjölfarið.

Engin nánari fyrirmæli eru í reglugerðinni með hvaða hætti mótanefndin eigi að taka á tilkynningu af því tagi sem 33. grein fjallar um, berist hún innan tilskilins frests.

Að mati dómsins þarf málsméðferðin að vera vönduð og með formlegum hætti þar sem úrslit leikja geta haft mikil áhrif á niðurstöðu í deildarkeppnum og bikarkeppnum.

Í starfsreglum mótanefndar HSÍ sem dagsettar eru 8. apríl 2009 og samþykktar af stjórn HSÍ á þeim tíma kemur fram í 2. grein að nefndin skuli koma saman þegar þurfa þykir. Formaður skuli boða fundi og stýra þeim. Kemur fram í 2. grein að erindi til nefndarinnar skuli vera skrifleg og það sent á starfsmann hennar á skrifstofu HSÍ sem tekur það til afgreiðslu. Styður þetta ákvæði þá niðurstöðu dómsins að formleg tilkynning þurfi að berast mótanefnd um tilvik sem heyra undir starfssvið hennar.

Í 3. grein starfsreglnanna, 2. mgr. j. liður kemur fram að nefndin annist eftirlit með framkvæmd leikja á vegum HSÍ. Það tilvik sem hér er til umfjöllunar má fella undir þennan lið starfsreglna mótanefndar en vert er að benda sérstaklega á að ekki er sérstaklega tekið fram í starfsreglunum að nefndin fjalli um mál af því tagi sem 33. grein reglugerðar um handknattleiksmót tekur til.


Ljóst er að mótanefndin kom ekki saman til að fjalla um þá tilkynningu sem nefndinni barst er varðar ólöglegan leikmann kæranda í málínus sem þó hefði þurft að gera. Á þeim fundi hefði nefndinni borið að meta hvort tilkynning hafi borist innan 48 klst. og taka síðan efnislega afstöðu til tilkynningarinnar hefði hún borist innan frestsins.

## DÓMSORÐ:

Fallist er á kröfu handknattleiksdeildar Aftureldingar þess efnis að niðurstöðu mótanefndar að daema Val 10-0 sigur í leik liðanna í meistaraflokki kvenna 1. deild sem leikinn var 11. september 2016, verði hnekkt.

Úrslit leiksins sem fram fór þann 11. sept. 2016 skulu því standa.

F.h. Dómstóls HSÍ

  
Smári Hilmarsson